

## Fundargerð

### Íþróttá- og tómstundanevnd - 334. fundur

haldinn í Krosseyri, Linnetsstíg 3,  
29. September 2016 og hófst hann kl. 08:15.

#### Fundinn sátu:

Karólína Helga Símonardóttir aðalmaður  
Guðbjörg Oddný Jónasdóttir aðalmaður  
Elísabet Ólafsdóttir áheyrnarfulltrúi

**Fundargerð ritaði:** Geir Bjarnason, .

Fulltrúi Foreldraráðs Hafnarfjarðar, Þróstur Emilsson sat fundinn.

#### Dagskrá:

##### 1. 1609323 - Fjölskyldugarðar

Aðsókn að skólagörðum eða fjölskyldugarðum hefur verið misjöfn eftir hverfum. Loka þarf garðinum á Völlunum en hann er í landi Hauka en þar eru að fara af stað framkvæmdir.

Tillögur hafa komið fram að sameina fjölskyldugarða og garðlönd í eitt verkefni. Í garðlöndum Hafnarfjarðar geta bæjarbúar leigt jarðskika til að rækta grænmeti.

*Frestað til næsta fundar*

##### 2. 1406405 - Frístundaheimili og niðurgreiðslur, starfshópur

Fyrir liggur samþykki Hafnarfjarðarbæjar að hækka niðurgreiðslustyrki vegna íþróttá- og tómstundastarfs barna upp í 3000 kr. á mánuði auk þess verða aldursmörk hækkuð upp í 18 ár.

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokks og Bjartrar framtíðar bóka*

*Með hækkan á niðurgreiðslu frístundastyrkja er stigið mikilvægt skref í að minnka kostnað barnafjölskyldna í bæjarfélaginu og auka þannig aðgengi barna að íþróttá- og tómstundastarfi. Með því að hækka aldursmörk er öllum börnum frá sex ára til 18 ára gefið tækifæri á að nýta styrkinn. Niðurgreiðslustyrkurinn er með því hæsta sem þekkist á höfuðborgarsvæðinu.*

*Starfshópurinn sem vann að hugmyndum um breytingar á styrknum hugsaði fyrst og fremst um jöfnuð þegar ákveðið var að heimila ekki tvöfaldan styrk. Kostnaður við að halda úti barni í einni grein er talsverður s.s. kostar um 35-95 þúsund að vera í fótbolta hjá FH yfir allt árið. Það að vera í tveim greinum er umtalsverður viðbótarkostnaður og ljóst að þrátt fyrir niðurgreiðslur þá er það ekki á færi allra að vera með börn í tveim greinum. Þess vegna var m.a. ákveðið að hækka frekar styrkinn sem nýtist öllum og ætti það að auðveld þeim sem ekki hafa efni á að taka þátt í einni grein að taka þátt í öflugri íþróttá- og tómstundastarfi í Hafnarfirði. Hækkan á styrk til barna sex til 12 ára er umtalsverð eða úr 1750 kr. á mánuði upp í 3000 kr. Hér er verið að reyna að koma til móts við tekjulægri hópinn og barnmargar fjölskyldur.*

### 3. 1405390 - Víðistaðatún, framtíðarnotkun

Starfshópur skilaði inn til Hafnarfjarðarbæjar metnaðarfullum hugmyndum að því að efla mannlíf á Víðistaðatúni og óskað er eftir því að nefndarmenn séu upplýstir um framvindu þessara hugmynda.

*Í sumar fóru fram umtalsverðar viðgerðir á grjótkantinum við tjörnina. Búið er að samþykkja grillhús og hanna það, verið að bíða eftir tilboði frá verktökum vegna þess.*

### 4. 1510439 - Íþróttá- og viðurkenningahátíð

Rætt um væntanlega Viðurkenningahátíð þar sem Hafnarfjarðarbæ heiðrar íþróttafólk sem hefur unnið titla á þessu ári.

*Stefnt er að því að halda hátíðina 28. desember. Rætt um útfærslur og áherslur.*

### 5. 1609620 - Stuðningur við þátttöku barna með fatlanir í íþróttá- og tómstundastarf

Í samningi við íþróttafélög í Hafnarfirði er lögð áhersla á aðgengi allra að íþróttastarfi. Til að auðvelda aðgengi fatlaðra barna að almennu íþróttastarfi fékkst 500.000 kr. sem er m.a. ætlað að kosta laun stuðningsstarfsmanna.

Lögð fram drög að reglum og eyðublað varðandi styrkumsóknir.

*Drögunum vísað til umsagnar ÍBH, Foreldraráðs Hafnarfjarðar, Ungmennaráðs og Ráðgjafaráðs í málefnum fatlaðs fólks.*

### 6. 1609519 - Norðurlandamót unglinga í ólympískum lyftingum

Ásgeir Bjarnason formaður sækir um fyrir hönd Kraftlyftingasambandsins um aðstoðu til að halda Norðurlandamót í Ólympískum lyftingum unglinga.

*Samþykkt að heimila Kraftlyftingasambandinu að nota Íþróttahúsið Strandgötu fyrir Norðurlandamótið.*

### 7. 1601327 - Bláfjöll, skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins

Drög að nýjum samningi milli sveitarfélaga höfuðborgarsvæðisins hefur verið kynntur.

*Nefndin samþykkir samninginn fyrir sitt leiti.*

### 8. 1604258 - Sumarvinna, vinnuskóli 2016

Lögð fram skýrsla um rekstur Vinnuskólans sumarið 2016.

### 9. 1606387 - Ungt fólk 2016, rannsókn

Íþróttá- og tómstundafulltrúi leiðrétti tölur sem fram komu í rannsókninni Ungt fólk 2016 um íþróttaiðkun unglinga.

*Nefndarmenn lýsa yfir áhyggjum yfir því hve fækkar í hóp þeirra 9. og 10. bekkinga sem eru að stunda íþróttir fjórum sinnum eða oftár í Hafnarfirði.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 09:15.**

**Karólína Helga Símonardóttir  
(n)  
Elísabet Ólafsdóttir (sign)**

---

---

---

---

**Guðbjörg Oddný Jónasdóttir  
(sign)**

---

---

---

---